

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
B.t. Arinbjörn Vilhjálmsson

14.12.2022
2022-08-57./11.2

Efni: Ósk Landsnets um breytingu á aðalskipulagi vegna Hamraneslína 1&2

Landsnet hefur hafið undirbúning að breytingum á núverandi Hamraneslínunum 1 og 2, loftlínunum sem liggja frá tengivirkinu Hamranesi í Hafnarfirði í gegnum Garðabæ og Kópavog að tengivirkinu Geithálsi í Reykjavík.

Fyrirhugað er að taka línurnar burtu á um 5 km löngum kafla út frá tengivirkinu í Hafnarfirði og áleiðis inn í Garðabæ og leggja þess í stað jarðstreng. Innan sveitarfélagamarka Garðabæjar verður breyting á línunni á um 0,6 km kafla. Sjá kortavefsjá í meðfylgjandi tölvupósti með áætlaðri strengleið og strengendamastri í 3D.

Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 kemur fram á skipulagsupprætti að Hamraneslínurnar séu víkjandi og í greinargerð skipulagsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að línurnar verði fjarlægðar þegar nýjar línur ofan Húsfells hafi tekið við hlutverki Hamraneslínanna.

Eins og Landsnet hefur kynnt á fundum fyrir fulltrúum Garðabæjar, bæði verkefnaráðsfundum vegna Lyklafellslínu 1 og á upplýsingafundum með umhverfissviði vegna hönnunar á jarðstrengnum, þá hefur Landsnet í bili horfið frá fyrirhugaðri gerð nýrrar Lyklafellslínu 1 og því ætlunin að Hamraneslínurnar geti verið áfram í rekstri til allt að 30 ára. Fyrir utan viðhaldsaðgerðir á línunni er eins og áður sagði ætlunin að loftlínan verði tekin niður á 5 km kafla út frá Hamranesi og jarðstrengur settur í staðinn, þar sem núverandi loftlína hamlar orðið byggð innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðarbæjar.

Í ljósi framangreinds óskar Landsnet eftir því að Garðabær hefji vinnu við að gera breytingar á aðalskipulagi sínu, þannig að í framhaldinu geti framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets vegna breytinga á Hamraneslínunum verið í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Virðingarfyllt


Anna Sígga Lúðvíksdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026